

Matsblað fyrir vettvangsathugun í leikskólum

Deild:	Dags./vikud.:
Aldur barna:	Kl.(upphaf og lok):
Leikskólakennarar/aðrir stm:	Fjöldi barna:
Fjöldi barna með stuðning:	Fjöldi tvítýngdra barna:

<p>Stjórnun Skipulag náms og námsaðstæður:</p>	<p>Einkunnarorð/gildi leikskólans eru sýnileg. Stefna og gildi birtast í starfi á deildum. Möguleikar húsnæðis og útileiksvæðis til leiks og náms eru nýttir(skipt í hópa, fataklefi, sameiginleg rými). Efniviður, náms- og kennslugögn aðgengileg fyrir starfsfólk (leiðbeiningar um hvernig eigi að vinna að ákveðnum verkefnum). Efniviður á deild endurspeglar margbreytileika mannlífsins (leikefni, bækur o.fl.) Jafnvægi á milli frjálsra leikja og skipulagðra athafna. Jafnvægi milli rólegra og fjörugra athafna. Nægur tími hugsaður daglega fyrir frjálsan leik. Dagskipulag veitir svigrúm til að mæta þörfum allra barna.</p>
<p>Uppeldi, menntun og starfshættir:</p>	<p>Skipulögð viðfangsefni/leikur tekur mið af hæfileikum og námsþörfum. Hentar vel þörfum og færni hvers og eins og vekur áhuga þeirra. Svigrúm er til að mæta hreyfiþörf barna í leik og samskiptum. Umhyggja einkennir samskipti starfsfólks við börn. Starfsfólk notar virka hlustun í samskiptum við börn – er tilbúið að hlusta, ræða við þau og virða sjónarmið. Starfsfólk nýtir daglegar athafnir til náms og samskipta. Starfsfólk bregst við og nýtir viðbrögð og áhuga barna sem upp koma. Starfsfólk þróar verkefnin eftir þörfum. Starfsfólk leiðbeinir og tekur þátt í leik barna þegar það á við. Starfsfólk á jákvæð og uppbyggileg samskipti við börn og myndar tengsl við þau í gegnum leik. Starfsfólk hefur yfirsýn og gætir þess að hvert barn fái notið sín.</p>

<p>Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna:</p>	<p>Börnin fá tækifæri til að hafa áhrif á skipulagningu starfsins. Börnin hafa áhrif á viðfangsefni skipulagðra stunda. Börnin eru hvött til að deila reynslu sinni, hugmyndum og tilfinningum. Leitað er eftir hugmyndum barna og þau studd í að útfæra og framkvæma þær. Leitað er leiða til af fá fram raddir barna sem ekki hafa færni í íslensku. Jafnrétti barna birtist í starfi á deildum. Börnin hafa val um viðfangsefni. Viðfangsefni sem börn hafa val um eru fjölbreytt og höfða til margvíslegra áhugasviða. Komið er til móts við börnin þegar þau langar að skipta um viðfangsefni. Sjálfsprottnum leik og athöfnum barna er gefið nægjanlegt svigrúm.</p>
<p>Námssvið leikskólans:</p>	<p>Námsumhverfi styður við máltöku og málproska barna, s.s. samskipti, verkefni og efniviður. Ritmál er sýnilegt. Unnið er með frásagnir, sögur, söng, ljóð og ævintýri. Unnið er að því að efla læsi barna (s.s. læsi á tækni, umhverfi, samskipti, menningu, tákn, myndmál, ritmál og tölur). Unnið er markvisst að því að efla samskipti barna. Unnið er markvisst að því að efla heilbrigði og vellíðan (s.s. með útiveru, hreyfingu, hollri næringu, jákvæðum samskiptum og félagslegum tengslum) Unnið er markvisst með sjálfbærni. Unnið er markvisst að eflingu vísinda. Unnið er markvisst að sköpun og starfið endurspeglar að áhersla er lögð á ferlið fremur en afurðina. Unnið er markvisst með menningu og sýnilegt er að unnið er með heimamenningu barnanna.</p>

Leikskóli án aðgreiningar - margbreytileiki:	Umhverfið er aðlagð til að mæta þörfum allra barna. Íhlutun v/barna með stuðning fer fram í daglegu starfi og leik. Jöfn hlutdeild allra barna birtist í starfi á deildum. Skráningar á námi barna eru sýnilegar á deildum
Mannauður:	Leikskólakennarar eru fyrirmyndir í viðmóti og samskiptum við börn. Áherslur aðalnámskrár og skólanámskrár endurspeglast í starfinu. Faglegur metnaður einkennir starfið. Samstarf og samábyrgð starfsfólks er sýnilegt. Starfshópurinn samhentur.
Viðmót og menning:	Andrúmsloft afslappað. Jákvæður andi og gleði. Gagnkvæm virðing og traust ríkir á milli allra aðila. Kurteisi, virðing og umhyggja einkenna samskipti. Tillit tekið til ólíkra sjónarmiða. Starfsfólk er samhent. Starfsfólk hefur trú á getu og hæfni allra barna.
Velferð og líðan barna:	Börnin eru glöð og áhugasöm og líður vel í leikskólanum. Milli barnanna ríkir virðing og samkennd. Samskipti barnanna eru góð. Reglur virðast skýrar og börnin þekkja þær. Starfsfólk er uppbyggjandi þegar það leiðbeinir börnunum í samskiptum. Hvatning og hrós er ígrundað. Samtöl starfsfólks við börn eru hvetjandi. Áhersla er lögð á það sem börnin gera vel. Brugðist er við krefjandi hegðun af fagmennsku. Börn fá tækifæri til að leysa sjálf úr ágreiningsmálum. Starfsfólk sýnir sanngirni þegar það aðstoðar börn við að leysa ágreiningsefni.

